

Sp.

160. Tillaga til þingsályktunar

um nefndarskipun til að gera tillögur um framtíðarbyggingar á lóðum ríkisins við Lækjartorg og Lækjargötu.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að kjósa átta menn í nefnd til að gera, í samráði við ríkisstjórnina og húsameistara ríkisins, tillögur um notkun ríkislóðanna við Lækjartorg og Lækjargötu fyrir opinberar byggingar. Nefndin kýs sér sjálf formann, starfar launa- laust og skal leggja tillögur sínar fyrir Alþingi 1944.

Greinargerð.

Um langan tíma hefur almenningi verið ljóst, að ekki væri við hlítandi til lengdar þann húsakost, sem stjórn Íslands á við að búa. Nú sem stendur mun stjórnarráðið starfa í fimm aðskildum byggingum, auk fjölmargra af þeim skrifstofum, sem ættu í raun réttir að starfa í stjórnarráðshúsinu. Um sjálfa stjórnarráðsbygginguna er það að segja, að hún er að vonum mjög óhentug fyrir nútímastarfrækslu. Danir reistu húsið í upphafi sem fangelsi. Síðan hefur því oft verið breytt, án þess að nokkurn tíma hafi verið hægt að láta það fullnægja kröfum, sem gera verður til húsakynna handa æðstu stjórn landsins. Dæmi, er sýna þetta, eru fjölmörg. Eitt af þeim er það, að biðgestir hjá skrifstofustjórunum hafa stundum nokkrir saman orðið að standa innan um skrifstofufólk, sem var önnum kafið að starfa í herbergi, sem lá næst vinnuherbergi skrifstofustjórans. Þó að stjórnarráðshúsið sjálft sé steinhús, þá eru gólf öll úr timbri. Mikið af skjalasafni stjórnarráðsins er á loft- hæðinni undir timburþaki. Ef eldur kæmi upp í húsinu, gætu öll skjöl, sem geymd eru þar, brunnið á svipstundu. Væri það óbætanlegt tjón fyrir landið.

Ríkið keypti auk þess fyrir nokkrum árum lóðir þær, sem liggja að Lækjar-
götu austanverðri, milli stjórnarráðshússins og menntaskólans, fyrir nálega hálfu
milljón króna. Verðlitið hús eru á þessari eign, enda var hún keypt eingöngu í því
skyni að tryggja ríkinu olnbogarúm á þessum stað i bænum fyrir framtíðarbygg-
ingar til almenningsþarfa.

Þegar Arnarhvoll var byggður, var það gert til að bæta úr aðkallandi þörf.
Þangað voru fluttar mjög margar skrifstofur, sem áður voru dreifðar víða um bæ-
inn, en áttu flestar að vera í stjórnarráðsbyggingunni. Með því að reisa Arnar-
hvol í nánd við stjórnarráðið, en að öðru leyti sem venjulegt skrifstofuhús, var
hægt að bæta úr aðkallandi þörf til bráðabirgða og til úrbóta í framtíðinni, án þess
að gripa á nokkurn hátt inn í þær aðgerðir, sem framkvæma þarf í sambandi við
varanlegt megináðsetur íslenzku ríkisstjórnarinnar. Til slíkrar byggingar þarf mjög
að vanda, bæði um útlit og þá ekki síður um allt, er lýtur að skipulagi og hentugri
starfrækslu. Þess vegna er eðlilegt, að fulltrúar þingflokka vinni að undirbún-
ingi málsins með ríkisstjórninni og húsameistara landsins.

Ríkissjóður mun væntanlega innan skamms hafa lagt fram nálega eina milljón
króna til að gera Bessastaði að hæfilegu nútímaaðsetri fyrir ríkisstjóra og væntan-
legan forseta, og er þó allmikið ógert, sem síðar verður bætt úr. En ef svo miklu
hefur þurft að fórna til að gera Bessastaði hæfa til þeirra nota, sem þeim er ætlað,
þá er augljóst, að eigi þurfi síður að vanda til þeirra bygginga, þar sem ríkisstjórnin
vinnur með fjölmörgu starfsliði. Kemur þar ekki eingöngu til greina, að slíkar
byggingar séu hentugar til daglegra starfa, heldur að þær hafi það svipmót, sem
segir til, án allra yfirskrifta, að þar sé starfsheimili fyrir framkvæmdastjórn ríkisins.

Það er eftirtektarvert í þingsögu Íslendinga, að ekki liðu nema nokkur missiri
frá því Alþingi fékk vald yfir fjármálum landsins og þar til ákveðið var að reisa
þinghúsið. Engin bein nauðsyn knúði þingið til að stíga þetta spor. Latínuskóla-
húsið stóð autt á þeim tíma árs, þegar þing skyldi háð, og það gat farið mjög vel
um þingið í því húsrúmi, sem þar stóð til boða. En þingmenn þeirra tíma höfðu
þann metnað, að þeir vildu, að hið nýja þjóðþing hefði bústað, sem væri í sam-
ræmi við hið nýfengna frelsi. Þinghúsið var reist með þeim skörungsskap, sem
raun ber vitni um, af því að það er varanlegt tákni um mikinn þjóðarsigur.

Íslenzka þjóðin hefur ástæðu til að gera ráð fyrir, að henni auðnist innan
fárra ára að stíga síðasta sporið í hinu pólitíska frelsismáli sínu. Þá hæfir þjóð-
inni að hafa nú þann metnað að reisa nýtt og veglegt heimkynni fyrir stjórn lands-
ins, til að tákna einnig á þann hátt endurreisn hins forna þjóðveldis.